



Héraðsskjalasafn
Vestmannaeyja

Ársskýrsla 2003

Héraðsskjalasafnið var starfrækt með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Opnunartími: Safnið var opið þrjá daga í viku, mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 11.00-17.00

Starfslið: Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður er í 50% starfi.

Fyrirspurnir: Skráðar voru 92 (104) fyrirspurnir eða erindi. Gestir á lesstofu voru 32 (19) sem er talsverð aukning frá árinu á undan.

Aðföng: Aðföng til safnsins á árinu voru u.þ.b. 200 (350) móttækin og skráð skjalanúmer frá bæjarskrifstofu, einstaklingum og félögum. Átak var gert í að innheimta skjöl félaga í bænum sem hlotið hafa styrk af opinberu fé. Þetta átak hefur ekki borið árangur en sem komið er.

Millisafnalán: Héraðsskjalasafnið lánaði Vestmannaeyjadeild Rauða kross Íslands tvær úrklippubækur um Noregsferð barna frá Vestmannaeyjum 1973, í vikutíma í janúar. Einnig lánaði safnið til Þjóðskjalasafns Íslands í millisafnalán útsvars- og gjaldabækur frá Vestmannaeyjum ásamt niðurjöfnunarbókum frá árunum 1929-41.

XX Nordiska arkivdagar: Héraðsskjalaverði og Forstöðumanni Safnahúss var boðið að sækja 20. Norræna skjalavarðþingið í Reykjavík 6.-10. ágúst. Þema þingsins var "Skjalasöfnin til fólksins", þ.e. breytt staða skjalasafna í ljósi upplýsingasamfélags og opinna stjórnsýslu, en jafnframt var fjallað um rafræna stjórnsýslu og varðveislu rafræna gagna.

Norræni skjaladagurinn: Laugardaginn 8. nóvember var Norræni skjaladagurinn (Arkivernes Dag) haldinn hátíðlegur. Að þessu sinni var viðfangsefnið ákveðið, líkami, heilsa og íþróttir. Slagorð dagsins var: Er heilsu haldið til haga? Í tilefni dagsins var sett upp skjala- og myndasýning í anddyri Safnahússins, þar sem reynt var að fremsta megni að vekja athygli á þema dagsins, söfnunarskyldu og varðveisluhlutverki safnsins.

Styrkur: Á Þorláksmessu hlaut safnið styrk úr Styrktar- og menningarsjóði Sparisjóðs Vestmannaeyja. Styrkfjárhæðin var kr. 100.000 sem aðallega verður varið til frágangs, flokkunar og skráningar á skjalasafni Þorsteins Þ. Víglundssonar fyrsta sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Vestmannaeyja.

*Tölur í sviga frá 2002

Vestmannaeyjum í febrúar 2004
Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður